

Fundargerð



MÝVATN

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps 51. fundur.

að Hlíðavegi 6, 3. feb. 2005, kl. 13:30.

DAGSKRÁ:

1. Fundarsetning.
2. Fjárhagsáætlun 2005, framhald síðari umræðu.
3. Fyrirtækjalisti vegna sorphirðu 2005.
4. Bréf samkórs Mývatnssveitar, styrkbeiðni.

Mættir: Guðrún María Valgeirsdóttir, Áslaugur Haddsson, Kristján Stefánsson, Birkir Fanndal Haraldsson, Böðvar Pétusson.

1. Fundarsetning.

Oddviti setti fund.

2. Fjárhagsáætlun 2005, framhald síðari umræðu.

Tekið var til við umræðuna þar sem frá var horfið á síðasta fundi.

Fulltrúar E-lista og O-lista lögðu eftirfarandi endurskoðaðar tillögur fram:

Lokatillögur E-lista vegna fjárhagsáætlunar 2005

| | gjöld | tekjur | Skýringar |
|------------------------|----------|--------|-----------|
| 00 Skatttekjur | | 6.000 | 1. |
| 04 Fræðslumál | - 2.750 | | 2. |
| 05 Menningarmál | - 940 | - 15 | 3. |
| 06 Íþróttamiðstöð | - 2.000 | | 4. |
| 08 Meindýraeyðing | - 700 | | 5. |
| 08 Heilbrigðiseftirlit | | 850 | 6. |
| 11 Refir minkar | - 2.000 | -200 | 7. |
| 13 Atvinnumál | - 2.640 | | 8. |
| 21 Sameiginl. kostn. | - 1.400 | 1.200 | 9. |
| Samtals | - 12.430 | 7.835 | |

Stefnt verði að sölu Skjólbrekku.
Þá fái leikskólinn 400 þús til kaupa á
búnaði

Skýringar:

1. Vegna hækkunar á fasteignamati verða tekjur af fasteignagjöldum 1 milljón kr. hærri en ráðgert hafði verið. Þá er reiknað með að staðgreiðsla gefi 5 milljónum meiri tekjur en ráðgert var í upphafi.
2. Engin breyting frá tillögu á síðasta fundi.
3. Meginefni tillögunnar er að bókasafni verði lokað í núverandi mynd á haustdögum. Kostnaður við bókasafnið er um 1,2 milljónir á ári.
4. Engin breyting frá tillögu á síðasta fundi. Forstöðumanni verði falið að útfæra tillögur í þessu sambandi.
5. og 7. Kostnaður vegna þessara málaflokka hefur farið vaxandi um leið og dregið hefur verið úr endurgreiðslum af hálfu ríkisins. Viðræður standa um þessar mundir milli Sambands sveitarfélaga og ríkisins um þessar endurgreiðslur ásamt fleir málum. Takist ekki að fá auknar endurgreiðslur verður að leita leiða í samráði við meindýraeyði um samdrátt í þessum málaflökkum. Breyting frá síðasta fundi er sú að endurgreiðslur lækka um 200 þús.
6. Engin breyting frá tillögu á síðasta fundi.
8. Nánast engin breyting frá tillögu á síðasta fundi. Örlítill leðrétting (141 þús)
9. Gjöld lækka um 900 þús. frá fyrri tillögu og lækka því um 1.400 þús samtals. Þá hækka tekjur um 200 þús.

Með þessum tillögum telur E-listi að takist að reka sveitarfélagið án halla á þessu ári. Ljóst er þó að tæpt er teflt og nauðsynlegt að fylgjast rækilega með að markmiðum verði náð þar sem tekjuáætlun er óvissari en nokkru sinni fyrr vegna breytinga í atvinnulífi.

Lokatillögur O-lista

| | | gjöld | tekjur | Skýringar |
|----|---------------------|----------|--------|-----------|
| 00 | Skatttekjur | | 10.000 | 1. |
| 04 | Fræðslumál | - 3.000 | | 2. |
| 05 | Meningarmál | - 500 | | 3. |
| 06 | Íþróttamiðstöð | - 3.000 | | 4. |
| 08 | Heilbrigðiseftirlit | | 850 | 5. |
| 11 | Refir minkar | | 5.000 | 6. |
| 13 | Atvinnumál | - 1.000 | | 7. |
| 21 | Sameiginl. kostn. | - 3.000 | | 8. |
| | | - 10.500 | 15.850 | |

Kannaður verði möguleiki á sölu Hitaveitunnar

Skýringar:

1. Engin breyting frá tillögum á síðasta fundi.
2. Engin breyting frá tillögum á síðasta fundi.
3. Engin breyting frá tillögum á síðasta fundi.
4. Engin breyting frá tillögum á síðasta fundi.
5. Engin breyting frá tillögum á síðasta fundi.
6. Engin breyting frá tillögum á síðasta fundi.
7. Engin breyting frá tillögum á síðasta fundi.

8. Laun sveitarstjórnar verði lækkuð um 660 þús eða 30%. Liðurinn bifreiðastyrkur sveitarstjórnarmanna hækki um 160 þús. Þá verði launaliðir og akstur vegna skrifstofu lækkaðir um 1.800 þús. Þá verði ekki gert ráð fyrir kosningum á árinu.

Miklar umræður urðu um tillögurnar.

Gengið var til atkvæða og var tillaga E-lista samþykkt með þremur atkvæðum, tveir sátu hjá.

Fulltrúar O-lista lögðu fram eftirfarandi bókun:

Við fulltrúar O-listans í sveitarstjórn getum ekki greitt þessari áætlun atkvæði okkar þó við séum að sumu leiti sammála tillögum E-listans. Við erum algjörlega á móti því að loka Uplýsingamiðstöðinni, við viljum að reynt verði að reka Uplýsingamiðstöð í anddyri Íþróttamiðstöðvar og sjá hvort ekki má ná einhverri samlegð þar á milli. Við viljum taka öðruvísi á vargeyðingu, ref mink og fugli (sbr. tillögu okkar). Við erum á móti því að bókasafninu verði lokað. Við teljum ekki rétt að selja Skjólbrekku og við viljum skera meira niður í sameiginlegum kostnaði (sbr tillögu okkar).

3. Fyrirtækjalisti vegna sorphirðu 2005.

Eftirfarandi innheimtulisti vegna sorphirðugjalda lagður fram:

| Fyrirtækjalisti vegna sorpgjalds 2005 | | 2005 |
|---|---------|----------------|
| fyrirtæki | flokkur | |
| Dekkjaverkstæðið Ytri-Neslöndum | a | 13.900 |
| Dyngjan | a | 13.200 |
| Ferðapjónustan Bjargi | a | 13.900 |
| Haganes, veiðihús | a | 13.900 |
| Léttsteypan | a | 13.900 |
| Útimarkaður | a | 13.900 |
| Víkurnes, hópferðapjónusta | a | 13.900 |
| | | 96.600 |
| Mýflug | b | 38.100 |
| Reykhúsið Geiteyjarströnd | b | 38.100 |
| Skútustaðahreppur skrifst/leikskóli | b | 38.100 |
| Skútustaðair 2b, gisting-tjöldun, reykhus | b | 38.100 |
| Zanzibar | b | 38.100 |
| Vogafjós | b | 38.100 |
| Vogabændur | b | 38.100 |
| | | 266.700 |
| Eldá | c | 69.300 |
| Ferðapjónustan Hlíð | c | 69.300 |
| Hótel Reykjahlíð | c | 69.300 |
| Náttúruböðin | c | 69.300 |
| Sparisjóður S-Þingeyinga | c | 69.300 |
| Skútustaðahreppur, áhaldahús | c | 69.300 |
| Stöng, ferðapjónusta | c | 69.300 |
| Veiðihús í landi Hofstaða | c | 69.300 |
| | | 554.400 |

| | | | |
|-----------------------------------|-----|------------------|------------------|
| Hótel Reynihlíð | d | 127.000 | |
| Kísiliðjna | d | 127.000 | |
| Lykilhótel | d | 127.000 | |
| Mývatn ehf | d | 127.000 | |
| Skjólbrekka, félagsheimili | d | 127.000 | |
| Skútustaðahreppur, grunnskóli | d | 127.000 | |
| Skútustaðahreppur, íþróttamiðstöð | d | 127.000 | |
| Sniðill | d | 127.000 | |
| | | 1.016.000 | |
| Sauðahellir ehf | e | 248.300 | |
| | | 248.300 | |
| Kröfluvirkjun | f | 375.400 | |
| | | 375.400 | |
| samt. fyrirtæki | | | 2.557.400 |
| alm. gjald | 150 | 13.900 | |
| | | 2.085.000 | |
| samtals alls | | | 4.642.400 |

Samþykktur samhljóða.

4. Bréf samkórs Mývatnssveitar, styrkbeiðni.

Borist hefur erindi Samkórs Mývatnssveitar þar sem óskað er eftir styrk að upphæð kr. 200 þús árið 2005 og sömu upphæð 2006. Sveitarstjórn getur ekki orðið við erindinu.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

Guðrún María Valgeirsdóttir,

Áslaugur Haddsson,

Kristján Stefánsson,

Birkir Fanndal Haraldsson,

Böðvar Pétusson.